

HAFNARFJARÐARBÆR

Aðrar eignir

Viðhald fasteigna
Ársskýrsla 2021

Hafnarfjörður **21.12.2021**

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	4
BÚSETUKJARNAR	8
Heimilið Arnarhraun	9
Heimilið Berjahlíð	10
Heimilið Blikaás	12
Heimilið Smárahvammur	14
Þjónustukjarninn Öldugata	16
FÉLAGASAMTÖK	17
Hraunsel	18
Krýsuvíkursamtökin	20
Skátafélagið Hraunbúar	22
Víkingafélagið	24
ÍÞRÓTTAFÉLÖG	26
Akstursíþróttafélagið	27
Bogfímifélagið	28
Brettafélagið & Tækniskólinn	29
Golfklúbburinn Keilir	31
Hestamannafélagið Sörli	33
Hnefaleikafélagið	35
Kvartmíluklúbburinn	36
Siglingaklúbburinn Þytur	38
Skotíþróttafélagið	40
SAFNAHÚS	41
Beggubúð	42
Bungalow	44
Gúttó	46
Pakkhúsið	48
Siggubær	50
Sívertsen	52
Sveinshús	54
ÞJÓNUSTUBYGGINGAR	56
Bílageymsla í Firði	57

Bókasafn	59
Framkvæmdasviðshús	61
Hafnarborg	63
Hellisgerði	65
Húsið	67
Hæfingarstöðin	69
Krýsuvík	70
Lyngbarð	72
Lækur	74
Ráðhús, Strandgata 4	76
Ráðhús, Strandgata 6	78
Skammtímavistun Hnotubergi	81
Skemma Víðistaðatúni	83
Sólvangsvegur	85
Sólvangur Gamli	87
Sólvangur Nýi	88
St. Jósefsspítali	89
Þjónustuhús Strætó	90
Þjónustuhús Víðistaðatúni	92

INNGANGUR

Skýrslan var unnin haustið 2021 og er samantekt (stöðumat) yfir viðhaldspörf eigna Hafnarfjarðarbæjar sem eru flokkaðar sem „aðrar eignir“. Um er að ræða búsetukjarna, félagasamtök, íþróttafélög, safnahús og þjónustubyggingar. Í stöðumatinu er ekki reiknað með verðlags- eða vísitölubreytingum fyrir komandi ár. Einnig er ekki gert ráð fyrir ófyrirséðum kostnaði vegna aukinna skemmda á eignum sem verða til vegna frekari frestunar á viðhaldsframkvæmdum.

Gert er ráð fyrir að skýrslan veiti innsýn í viðhaldspörf eigna Hafnarfjarðarbæjar og verður þannig innlegg til fjárhagsáætlunargerðar hjá sveitarfélaginu.

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 var viðhaldsfé áætlað samtals um **466 milljónir króna** fyrir öll mannvirki. Af þessum fjármunum voru áætlaðar um **74,5 milljónir króna** til viðhalds fyrir „aðrar eignir“ eða 16% alls fjármagns.

Á árinu 2021 var lögð megin áhersla á verkefni tengd lekavandamálum líkt og undanfarin ár sem og fyrirbyggjandi aðgerðir til að draga úr frekari skemmdum á eignum vegna ónógs viðhalds.

Skortur á fjármagni til viðhalds í gegnum árin, hefur haft í för með sér að ástand margra eigna er ekki viðunandi. Mikilvægt er að sinna eðlilegu viðhaldi eigna og bregðast strax við ef upp koma lekavandamál, ef það er ekki gert grotna byggingarhlutar niður og kostnaður til endurbóta verður margfalt dýrari.

Í fjárfestingum á nýjum mannvirkjum er mjög mikilvægt að vanda hönnun og efnisval m.t.t. viðhalds, þannig má m.a. bæta öryggi þeirra sem sjá um viðhaldsframkvæmdir og spara fjármuni.

Uppsöfnuð fjárfestingarpörf til að sinna viðhaldsverkefnum og endurbótum á eignum bæjarins er mikil. Megin ástæðan fyrir fjárþörfinni er fyrst og fremst talin vera skortur á fjármagni til að sinna eðlilegu viðhaldi undanfarin ár og þá sérstaklega á árunum eftir efnahagshrunið 2008.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir að líftími bygginga og viðhaldspörf helst í hendur. Eftir því sem árin líða eykst þörfin á að endurnýja byggingarhluta í heild sinni s.s. glugga, utanhússklæðningar og lagnakerfi en þetta eru oftast stórir kostnaðarliðir.

Í skýrslunni eru upptalin brýnustu viðhaldsverkefni fyrir hverja eign. Gera má ráð fyrir að upptalning verkefna sé ekki tæmandi, þar sem ófyrirséður kostnaður fylgir oft viðhaldsframkvæmdum.

Fjárþörfin í viðhaldsverkefni og endurbætur fyrir „aðrar eignir“ næstu 3 ár, er metin um **200 milljónir króna**.

Árlegur viðhaldskostnaður húsa, til lengri tíma litið, má áætla að sé 1-2% af virði fasteignar.

Með að uppfæra viðhaldsfé m.t.t. byggingarvísitölu fæst þannig raunþörf á fjármagni í viðhald á ári fyrir eignasafnið. Fjárhagsáætlanir síðastliðinna ára, að frádreginni raunþörf auk vísitölu, sýnir heildarskortinn á fjármagni í viðhald. Í þeim tölunum er ekki tekið tillit til nýrra eigna sem hafa komið inn síðastliðin ár s.s.

- 2014 bættist við Kaplakriki.
- 2016 bættist við Leikskólinn Bjarkarvellir.
- 2017 bættist við St. Jósefsspítali.
- 2017 bættist við Suðurgata 14 (Skattstofan).
- 2017 bættist við Keilir.
- 2018 bættist við Gúttó.
- 2018 bættist við Jólaborpið.
- 2018 bættist við Skarðshlíðarskóli.
- 2019 bættist við Sólvangur gamli.
- 2019 bættist við Sólvangur nýi.
- 2019 bættist við Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar.



- 2019 bættist við Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar.
- 2019 bættist við Bogfimifélagið.
- 2020 bættist við Sveinssafn Krísvík.
- 2020 bættist við Arnarhraun 50.
- 2021 bættist við Tækniskólinn við Flatahraun 14.
- 2021 bættist við Lyngbarð 2.
- 2021 bættist við Öldugata 45.
- 2022 bættist við Félagshesthús.

Árið 2020 voru eignirnar **Hrauntunga 5 og Riddarinn seld** og detta því af listanum.

Ákveðið var að vinna út frá þeirri forsendu að það fáiist um **466 milljónir króna** í heildina til að sinna viðhaldi allra eigna Hafnarfjarðarbæjar á árinu 2022.

Taflan hér að neðan sýnir áætlaða skiptingu þess fjármagns eftir flokkun eigna.

Áætlað fjármagn 2022	Skipting	Upphæð í kr.
Skólar	30%	139.716.000
Leikskólar	20%	93.144.000
Íþróttamannvirki	20%	93.144.000
Aðrar eignir	15%	69.858.000
Ófyrirséð	15%	69.858.000
Samtals	100%	465.720.000

Eins og taflan sýnir er gert ráð fyrir 15% fjármagnsins í viðhaldsframkvæmdir og endurbætur fyrir „aðrar eignir“ eða alls um **70 milljónir króna**.

Ástand allra eigna hefur verið metið í samvinnu við húsumsjónarmenn eða forstöðumenn viðkomandi eigna. Í framhaldinu var viðhaldsverkefnum forgangsraðað eftir bráðleika og kostnaðaráætlun gerð. Ekki er gert ráð fyrir nýjum viðhaldsverkefnum sem upp kunna að koma yfir árið, sem mun nauðsynlega þurfa að bregðast við. Eftirfarandi tafla sýnir áætlaða skiptingu fjármagns til viðhaldsframkvæmda:

Viðhaldsskipting fyrir árið 2022	
BÚSETUKJARNAR	
Heimilið Arnarhraun	200.000
Heimilið Berjahlíð	4.500.000
Heimilið Blikaás	5.000.000
Heimilið Smárahvammur	1.500.000
Þjónustukjarninn Öldugata	200.000
Samtals	11.400.000

Viðhaldsskipting fyrir árið 2022	
FÉLAGASAMTÖK	
Hraunsel	1.000.000
Krýsuvíkursamtökin	-
Skátafélagið Hraunbúar	1.500.000
Víkingafélagið	-
ÍPRÓTTAFÉLÖG	
Akstursípróttafélagið	500.000
Bogfimifélagið	-
Brettafélagið & Tækniskólinn	3.000.000
Golfklúbburinn Keilir	4.000.000
Hestamannafélagið Sörli	1.000.000
Hnefaleikafélagið	100.000
Kvartmíluklúbburinn	1.000.000
Siglingaklúbburinn Þytur	2.000.000
Skotípróttafélagið	1.000.000
SAFNAHÚS	
Beggubúð	450.000
Bungalow	2.200.000
Gúttó	-
Pakkhúsið	5.000.000
Siggubær	1.200.000
Sívertsen	3.000.000
Sveinshús	1.000.000
ÞJÓNUSTUBYGGINGAR	
Bílageymsla í Firði	500.000
Bókasafn	4.000.000
Framkvæmdasviðshús	1.000.000
Hafnarborg	6.000.000

Hellisgerði	4.000.000
Húsið	5.000.000
Hæfingarstöðin	200.000
Krýsuvík	-
Lyngbarð	500.000
Lækur	5.000.000
Ráðhús, Strandgata 4	1.000.000
Ráðhús, Strandgata 6	7.000.000
Skammtí mavistun Hnotubergi	6.000.000
Skemma Víðistaðatúni	-
Sólvangsvegur	1.000.000
Sólvangur gamli	-
Sólvangur nýi	-
St. Jósefsspítali	-
Þjónustuhús Strætó	200.000
Þjónustuhús Víðistaðatúni	500.000
SAMTALS	69.850.000

BÚSETUKJARNAR

Þessar eignir verða kostnaðarfærðar 57-111 frá og með 2022.

Heimilið Arnarhraun



Heildarviðhaldskostnaður	1 m.kr.
Bókhaldsnúmer	57-111-33036
Heimilisfang	Arnarhraun 50
Fasteignamat	239.350.000 kr.
Byggingarár	2020
Flatarmál	372,2 m ²
Tegund húsnæðis	Sambýli

Viðhaldspörf fasteignar næstu ár

Heildarkostnaður vegna viðhaldsframkvæmda á næstu 3 árum er áætlaður um **1 milljón króna**.

Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2022	2023	2024
200.000	300.000	500.000

Framkvæmdir 2021

Á árinu 2021 var engum fjármunum varið í viðhald á eigninni.

Framkvæmdir 2022

Á árinu 2022 er áætlað að verja um **0,2 m.kr.** í viðhaldsframkvæmdir á eigninni. Aðeins er um að ræða minni tilfallandi viðhaldsverkefni.

Heimilið Berjahlíð



Heildarviðhaldskostnaður	8 m.kr.
Bókhaldsnúmer	57-111-32019
Heimilisfang	Berjahlíð 2
Fasteignamat	134.850.000 kr.
Byggingarár	1998
Flatarmál	333,1 m ²
Tegund húsnæðis	Sambýli

Viðhaldspörf fasteignar næstu ár

Heildarkostnaður vegna viðhaldsframkvæmda á næstu 3 árum er áætlaður um **8 milljónir króna**.

Helstu viðhaldsverkefni eru m.a. eftirfarandi:

Innanhúss

- Endurnýja gólfefni.
- Endurmála veggi og glugga.

Utanhúss

- Endurmála glugga.
- Endurmála þakklæðingu.

Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2022	2023	2024
4.500.000	2.600.000	800.000

Framkvæmdir 2021

Á árinu 2021 var varið um **1,9 m.kr.** í viðhald á eigninni. Meðal annars var farið í eftirfarandi verkefni:

- Endurnýja rennur og niðurföll.
- Uppsetning á ýmsum búnaði tengdum brunavörnum.

Framkvæmdir 2022

Á árinu 2022 er áætlað að verja um **4,5 m.kr.** í viðhaldsframkvæmdir á eigninni. Meðal annars er stefnt á að framkvæma eftirfarandi verkefni:

- Endurnýja gólfefni.

Myndir af viðhaldsverkefnum:

Myndir. Endurmála þarf þakjárn og tréverk utanhúss.



Myndir. Endurnýja þarf gólfefni, parket og dúka.

Heimilið Blikaás



Heildarviðhaldskostnaður	9 m.kr.
Bókhaldsnúmer	57-111-32021
Heimilisfang	Blikaás 1
Fasteignamat	118.800.000 kr.
Byggingarár	2003
Flatarmál	397,4 m ²
Tegund húsnæðis	Sambýli

Viðhaldspörf fasteignar næstu ár

Heildarkostnaður vegna viðhaldsframkvæmda á næstu 3 árum er áætlaður um **9 milljónir króna**.

Helstu viðhaldsverkefni eru m.a. eftirfarandi:

Innanhúss

- Endurnýja gólfefni.
- Endurmála vegg og glugga innanhúss.
- Setja sjálfvirka hurðaropnara fyrir útihurð.
- Færa ofn úr gryfju við gólfsíðan glugga og loka gryfju.

Utanhúss

- Múr- og sprunguviðgerðir útveggja.
- Endurmála steypa fleti eftir viðgerðir.
- Fjarlægja steinabeð og steypa eða smíða timburpall í staðin.

Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2022	2023	2024
5.000.000	2.000.000	2.000.000

Framkvæmdir 2021

Á árinu 2021 var varið um **3,2 m.kr.** í viðhald á eigninni. Meðal annars var farið í eftirfarandi verkefni:

- Nýir tenglar í eldhúsi.
- Endurnýja hurðarpumpur.
- Endurmála glugga og hurðir utanhúss.
- Uppsetning á ýmsum búnaði tengdum brunavörnum.

Framkvæmdir 2022

Á árinu 2022 er áætlað að verja um **5 m.kr.** í viðhaldsframkvæmdir og **16 m.kr.** í fjárfestingarframkvæmdir.

Meðal annars er stefnt á að framkvæma eftirfarandi verkefni:

- Endurnýja gólfefni.
- Færa ofn úr gryfju við gólfsíðan glugga og loka gryfju.
- Múr- og sprunguviðgerðir útveggja.
- Endurmála steypa fleti eftir viðgerðir.

Myndir af viðhaldsverkefnum:

Myndir. Þarf að fara í múr- og sprunguviðgerðir og endurmála útveggi. Fjarlægja þarf steinabeð, hentar ekki fyrir starfsemina.



Myndir. Færa ofn úr gryfju og loka. Endurnýja þarf gólfefni, dúka og parket.

Heimilið Smárahvammur



Heildarviðhaldskostnaður	2,5 m.kr.
Bókhaldsnúmer	57-111-32017
Heimilisfang	Smárahvammur 3
Fasteignamat	94.850.000 kr.
Byggingarár	1989
Flatarmál	222,3 m ²
Tegund húsnæðis	Sambýli

Viðhaldspörf fasteignar næstu ár

Heildarkostnaður vegna viðhaldsframkvæmda á næstu 3 árum er áætlaður um **2,5 milljónir króna**.

Helstu viðhaldsverkefni eru m.a. eftirfarandi:

Innanhúss

- Endurmála glugga og gluggakistur.

Utanhúss

- Yfirfara þarf alla glugga á austur- og suðurhlið m.t.t. fúa og endurmála.
- Bera á timburskjólveggi og lagfæra hellur á lóð.

Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2022	2023	2024
1.500.000	500.000	500.000

Framkvæmdir 2021

Á árinu 2021 var varið um **2,5 m.kr.** í viðhald á eigninni. Meðal annars var farið í eftirfarandi verkefni:

Meðal annars var farið í eftirfarandi verkefni:

- Lagnavinna á baðherbergi.
- Viðgerðir vegna rakavandamála við svalahurð.
- Endurmálun á gluggum að hluta og þakkanti.
- Á baðherbergi var gert við sprungur í millivegg og rýmið endurmálað.

Framkvæmdir 2022

Á árinu 2022 er áætlað að verja um **1,5 m.kr.** í viðhaldsframkvæmdir á eigninni. Meðal annars er stefnt á að framkvæma eftirfarandi verkefni:

- Yfirfara glugga á austur- og suðurhlið m.t.t. fúa og endurmála.

Myndir af viðhaldsverkefnum:

Myndir. Yfirfara þarf glugga á austur- og suðurhlið m.t.t. fúa og endurmála úti og inni.

Þjónustukjarninn Öldugata



Heildarviðhaldskostnaður	1 m.kr.
Bókhaldsnúmer	57-111-33037
Heimilisfang	Öldugata 45
Fasteignamat	204.300.000 kr.
Byggingarár	2021
Flatarmál	477 m ²
Tegund húsnæðis	Búsetukjarni fyrir fatlað fólk

Viðhaldspörf fasteignar næstu ár

Heildarkostnaður vegna viðhaldsframkvæmda á næstu 3 árum er áætlaður um **1 milljón króna**.

Um er að ræða nýja eign, því aðeins gert ráð fyrir minni viðhaldsverkefnum.

Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2022	2023	2024
200.000	300.000	500.000

Framkvæmdir 2021

Á árinu 2021 var engum fjármunum varið í viðhald á eigninni.

Framkvæmdir 2022

Á árinu 2022 er áætlað að verja um **0,2 m.kr.** í viðhaldsframkvæmdir á eigninni. Aðeins er um að ræða minni tilfallandi viðhaldsverkefni.

FÉLAGASAMTÖK

Hraunsel



Heildarviðhaldskostnaður	1,6 m.kr.
Bókhaldsnúmer	31-111-34007
Heimilisfang	Flatahraun 3
Fasteignamat	210.200.000 kr.
Byggingarár	2002
Flatarmál	229,6 m ²
Tegund húsnæðis	Félagsheimili

Viðhaldspörf fasteignar næstu ár

Hafnarfjarðarbær á ekki eignina heldur leigir hluta af húsinu fyrir félagsstarf eldri borgara í Hafnarfirði. Hafnarfjarðarbær mun sjá um tilfallandi viðhaldsverkefni innanhúss í þeim hluta sem um ræðir. Heildarkostnaður vegna viðhaldsframkvæmda á næstu 3 árum er áætlaður um **1,6 milljón króna**. Helstu viðhaldsverkefni eru m.a. eftirfarandi:

Innanhúss

- Endurmála vegg og gera við rakaskemmdir.
- Slípa og lakka parket í sal.

Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2022	2023	2024
1.000.000	400.000	200.000

Framkvæmdir 2021

Á árinu 2021 var engum fjármunum, af hálfu Hafnarfjarðarbæjar, varið í viðhald á eigninni.

Framkvæmdir 2022

Á árinu 2022 er áætlað að verja um **1 m.kr.** í viðhaldsframkvæmdir á eigninni. Meðal annars er stefnt á að framkvæma eftirfarandi verkefni:

- Endurmála vegg innanhúss og gera við rakaskemmdir.

Myndir af viðhaldsverkefnum:



Myndir. Endurmála þarf vegg og gera við gamlar rakaskemmdir.

Krýsuvíkursamtökin



Heildarviðhaldskostnaður	Ekki metinn
Bókhaldsnúmer	31-111-31008
Heimilisfang	Austurgata 8
Fasteignamat	45.950.000 kr.
Byggingarár	1909
Flatarmál	98 m ²
Tegund húsnæðis	Samkomuhús

Viðhaldspörf fasteignar næstu ár

Samkvæmt núgildandi deiliskipulagi á húsið að víkja. Heildarkostnaður vegna viðhaldsframkvæmda var ekki áætlaður vegna þessa. Hins vegar er kominn tími á ýmskonar viðhaldsframkvæmdir á eigninni. Helstu viðhaldsverkefni eru m.a. eftirfarandi:

Innanhúss

- Endurmála vegg og glugga.

Utanhúss

- Endurnýja þakjárn, rennur og niðurföll.
- Endurmála útveggjaglæðningu og þakkant.
- Endurnýja hurð og glugga í kjallara.

Framkvæmdir 2021

Á árinu 2021 var engum fjármunum, af hálfu Hafnarfjarðarbæjar, varið í viðhald á eigninni.

Framkvæmdir 2022

Á árinu 2022 er ekki áætlað að verja fjármunum í viðhald á eigninni.

Myndir af viðhaldsverkefnum:




Myndir. Endurmála þarf útveggjaklæðningu og þakkant.



Myndir. Endurnýja þarf glugga og hurð í kjallara. Endurmála þarf veggi og glugga innanhúss.

Skátafélagið Hraunbúar



Heildarviðhaldskostnaður	3,3 m.kr.
Bókhaldsnúmer	31-111-33029
Heimilisfang	Hjallabraut 51
Fasteignamat	139.250.000
Byggingarár	1998
Flatarmál	790,8 m ²
Tegund húsnæðis	Skátaheimili

Viðhaldspörf fasteignar næstu ár

Hlutur Hafnarfjarðarbæjar í eigninni er 15,2% og hlutur Hraunbúa er 84,8%.

Heildarkostnaður vegna viðhaldsframkvæmda á næstu 3 árum er áætlaður um **3,3 milljónir króna**.

Helstu viðhaldsverkefni eru m.a. eftirfarandi:

Utanhúss

- Endurnýja útveggjaklæðningu vegna fúa.
- Viðgerðir og endurnýjun að hluta á gluggum og hurðum.
- Endurmála glugga og hurðir.
- Mála þakjárn og skipta út ryðguðum festingum, endurnýja rennur og niðurföll.

Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2022	2023	2024
1.500.000	1.300.000	500.000

Framkvæmdir 2021

Á árinu 2021 var varið um **1 m.kr.** í viðhald á eigninni. Meðal annars var farið í eftirfarandi verkefni:

- Endurmála þak.
- Endurnýja 3 ofna.

Framkvæmdir 2022

Á árinu 2022 er áætlað að Hafnarfjarðarbær verji um **1,5 m.kr.** í viðhaldsframkvæmdir á eigninni m.v. hlutfallstölu. Eftir er að taka ákvörðun um viðhaldsverkefni sem á að vinna en það verður gert í samráði við Hraunbúa.

Myndir af viðhaldsverkefnum:



Myndir. Þarf að endurnýja útveggjaglæðningu.



Myndir. Bera þarf á glugga og laga útveggjaglæðningu.

Víkingafélagið



Heildarviðhaldskostnaður	Ekki metinn
Bókhaldsnúmer	31-111-33022
Heimilisfang	Hörðuvellir 1
Fasteignamat	69.800.000 kr.
Byggingarár	1906 og 1980
Flatarmál	165,3 m ²
Tegund húsnæðis	Einbýlishús

Viðhaldspörf fasteignar næstu ár

Eignin er ekki í góðu ástandi vegna fúa í byggingarhlutum og því skynsamlegt að taka ákvörðun um framtíð hússins áður en farið verður í kostnaðarsamar viðgerðir.

Framkvæmdir 2021

Á árinu 2021 var varið um **0,1 m.kr.** í viðhald á eigninni. Meðal annars var farið í eftirfarandi verkefni:

- Laga leka í inntaksgrind.
- Yfirfara ofnakerfi.

Áætlað viðhald á árinu 2022

Á árinu 2022 er ekki áætlað að verja fjármunum í viðhald á eigninni.

Myndir af viðhaldsverkefnum:

Myndir. Þakjárn þarf að yfirfara sem og rennur. Kominn er tími á að endurnýja eldhúsinnréttingu.



Myndir. Endurnýja þarf klæðningu og glugga hússins að hluta vegna fúa.

ÍÞRÓTTAFÉLÖG

Akstursípróttafélagið



Heildarviðhaldskostnaður	1,5 m.kr.
Bókhaldsnúmer	31-111-23010
Heimilisfang	Krýsuvíkurvegur
Fasteignamat	Ekki vitað
Byggingarár	Ekki vitað
Flatarmál	Ekki vitað
Tegund húsnæðis	Samkomuhús

Viðhaldspörf fasteignar næstu ár

Heildarkostnaður vegna viðhaldsframkvæmda á næstu 3 árum er áætlaður um **1,5 milljónir króna**. Stærstu kostnaðarþættir eru m.a. eftirfarandi:

Utanhúss

- Endurmála þakklæðningu og þakkant.
- Bera á útveggjaklæðningu og endurmála glugga.
- Endurbætur á malbiki.

Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2022	2023	2024
500.000	500.000	500.000

Framkvæmdir 2021

Á árinu 2021 var engum fjármunum, af hálfu Hafnarfjarðarbæjar, varið í viðhald á eigninni.

Framkvæmdir 2022

Á árinu 2022 er áætlað að verja um **0,5 m.kr.** í viðhaldsframkvæmdir og **5 m.kr.** í fjárfestingarframkvæmdir. Meðal annars er stefnt á að framkvæma eftirfarandi verkefni:

- Endurmála glugga og þakkant.
- Endurbætur á malbiki.

Bogfimifélagið

Bogfimifélagið er með starfsemi sína utanhúss eins og er en stefnt er á að finna hentugt húsnæði.

Brettafélagið & Tækniskólinn



Heildarviðhaldskostnaður	12 m.kr.
Bókhaldsnúmer	31-111-33003
Heimilisfang	Flatahraun 14
Fasteignamat	351.750.000 kr.
Byggingarár	1964
Flatarmál	1501,1 m ²
Tegund húsnæðis	Brettafélag og Tækniskóli

Viðhaldspörf fasteignar næstu ár

Heildarkostnaður vegna viðhaldsframkvæmda á næstu 3 árum er áætlaður um **12 milljónir króna**. Ljóst er að fara þarf í kostnaðarsamar endurbætur á eigninni. Framtíð hússins er óljós, því verður fjármunum aðeins varið í að koma í veg fyrir leka.

Helstu viðhaldsverkefni eru m.a. eftirfarandi:

Innanhúss

- Yfirfara rafmagnskerfi hússins.
- Nýtt loftræsikerfi í Tækniskólann.
- Endurmála veggi og gera við múr á nokkrum stöðum.

Utanhúss

- Viðgerðir á steiptum flötum.
- Endurmála vegg.
- Endurnýja glugga að hluta vegna fúa.
- Endurmála glugga.
- Endurnýja rennur og niðurföll.
- Viðgerð á þakkanti og endurmála.
- Yfirfara frágang á þéttingu við efri byggingu vegna leka inn á salerni 1. hæðar.

Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2022	2023	2024
3.000.000	4.000.000	5.000.000

Framkvæmdir 2021

Á árinu 2021 var varið um **3,4 m.kr.** í viðhald á eigninni. Meðal annars var farið í eftirfarandi verkefni:

- Endurnýja brunaviðvörðunarkerfi (Tækniskóli).
- Viðgerð á útihurðum á gafli (Tækniskóli).
- Endurnýja rennu á milli húsa vegna leka.
- Endurmála utanhúss (Tækniskóli).

Framkvæmdir 2022

Á árinu 2022 er áætlað að verja um **4 m.kr.** í viðhaldsframkvæmdir á eigninni. Meðal annars er stefnt á að framkvæma eftirfarandi verkefni:

- Viðgerðir á steiptum flötum.

Myndir af viðhaldsverkefnum:

Myndir. Fara þarf í viðgerðir á steiptum flötum. Yfirfara þarf glugga vegna fúa, endurmála allt timburverk og endurnýja rennur og niðurföll.



Mynd. Fara þarf í múrviðgerðir innanhúss. Koma þarf í veg fyrir leka frá þaki inn á salerni.

Golfklúbburinn Keilir



Heildarviðhaldskostnaður	9,2 m.kr.
Bókhaldsnúmer	31-111-23002
Heimilisfang	Steinholt 1
Fasteignamat	137.685.000 kr.
Byggingarár	1992
Flatarmál	487 m ²
Tegund húsnæðis	Golfskáli

Viðhaldspörf fasteignar næstu ár

Heildarkostnaður vegna viðhaldsframkvæmda á næstu 3 árum er áætlaður um **9,2 milljónir króna**. Helstu viðhaldsverkefni eru m.a. eftirfarandi:

Innanhúss

- Endurnýja salernisaðstöðu á 1. hæð frá grunni, salerni fyrir fatlaða bætt við, búið að hanna.
- Endurnýja gólfefni í kjallara.

Utanhúss

- Endurmála glugga á suð-vesturhlið.
- Setja rennihurðir í anddyri, 3 stk.

Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2022	2023	2024
4.000.000	2.200.000	3.000.000

Framkvæmdir 2021

Á árinu 2021 var varið um **1,9 m.kr.** í viðhaldsframkvæmdir á eigninni. Meðal annars var farið í eftirfarandi verkefni:

- Endurnýja loftdúk í sal.
- Endurnýja hellur á lóð.
- Endurmálun.

Framkvæmdir 2022

Á árinu 2022 er áætlað að verja um **4 m.kr.** í viðhaldsframkvæmdir á eigninni. Meðal annars er stefnt á að framkvæma eftirfarandi verkefni:

- Endurnýja salernisaðstöðu á 1. hæð frá grunni.

Myndir af viðhaldsverkefnum:

Myndir. Endurnýja salernisaðstöðu frá grunni, salerni fyrir fatlaða bætt við. Endurnýja þarf gólfefni í kjallara.



Myndir. Koma upp rennihurðum í anddyri. Endurmála þarf glugga á suð-vesturhlið.

Hestamannafélagið Sörli



Heildarviðhaldskostnaður	6 m.kr.
Bókhaldsnúmer	31-111-23001
Heimilisfang	Sörlaskeið 13A
Fasteignamat	276.545.000 kr.
Byggingarár	1993 og 2000
Flatarmál	1469,9 m ²
Tegund húsnæðis	Reiðskemma, dómpallur og dómhús

Viðhaldspörf fasteignar næstu ár

Heildarkostnaður vegna viðhaldsframkvæmda á næstu 3 árum er áætlaður um **6 milljónir króna**.

Helstu viðhaldsverkefni eru m.a. eftirfarandi:

Innanhúss

- Endurnýja lýsingu inni í reiðhöll, skipta yfir í led.
- Tengja niðurföll í hesthúsi við frárennsliskerfi.

Utanhúss

- Bæta lýsingu á útisvæði.
- Endurmála glugga og hurðir.
- Vantar malarefni (ofaníburð) á plan.
- Endurnýja utanhússklæðningu á reiðhöll.
- Ganga frá áfellum við hurðir.
- Viðgerð á þakgluggum á reiðsal vegna leka.
- Uppsetning á Treck æfingabraut inn á æfingarvelli.

Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2022	2023	2024
1.000.000	2.200.000	2.800.000

Framkvæmdir 2021

Á árinu 2021 var varið um **0,1 m.kr.** í viðhaldsframkvæmdir á eigninni. Meðal annars var farið í eftirfarandi verkefni:

- Lýsing bætt við æfingarsvæði.

Framkvæmdir 2022

Á árinu 2022 er áætlað að verja um **1 m.kr.** í viðhaldsframkvæmdir á eigninni. Meðal annars er stefnt á að framkvæma eftirfarandi verkefni:

- Tengja niðurföll í hesthúsi við frárennsliskerfi.
- Endurmála glugga og hurðir.

Myndir af viðhaldsverkefnum:

Myndir. Endurnýja þarf utanhússklæðningu á reiðsal. Þarf að ganga frá áfellum við hurðir.



Myndir. Endurmála þarf glugga utanhúss. Malarefni vantar í plan framan við aðalbygginu, einnig þarf að finna lausnir á vatnssöfnun eftir rigningar.

Hnefaleikafélagið



Heildarviðhaldskostnaður	0,3 m.kr.
Bókhaldsnúmer	31-111-34004
Heimilisfang	Dalshraun 10
Fasteignamat	162.500.000 kr.
Byggingarár	1974
Flatarmál	687,9 m ²
Tegund húsnæðis	Leiguhúsnæði fyrir íþróttafélag

Viðhaldspörf fasteignar næstu ár

Hafnarfjarðarbær á ekki eignina heldur leigir hluta af byggingunni undir hnefaleikafélag. Hafnarfjarðarbær mun aðeins sjá um minni tilfallandi framkvæmdir sem snýr að starfsemi félagsins.

Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2022	2023	2024
100.000	100.000	100.000

Framkvæmdir 2021

Á árinu 2021 var engum fjármunum, af hálfu Hafnarfjarðarbæjar, varið í viðhald á eigninni.

Framkvæmdir 2022

Á árinu 2022 er áætlað að verja um **0,1 m.kr.** í tilfallandi framkvæmdir á eigninni.

Kvartmíluklúbburinn



Heildarviðhaldskostnaður	1,5 m.kr.
Bókhaldsnúmer	31-111-23004
Heimilisfang	Reykjanesbraut 200
Fasteignamat	Óskráð
Byggingarár	Óskráð
Flatarmál	Óskráð ca. 165 m ²
Tegund húsnæðis	Félagsheimili og stjórnstöð

Viðhaldspörf fasteignar næstu ár

Heildarkostnaður vegna viðhaldsframkvæmda á næstu 3 árum er áætlaður um **1,5 milljónir króna**. Stærstu kostnaðarþættir eru m.a. eftirfarandi:

Utanhúss

- Endurmála útveggjaglæðningu og endurnýja að hluta vegna fúa.

Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2022	2023	2024
1.000.000	200.000	300.000

Framkvæmdir 2021

Á árinu 2021 var engum fjármunum, af hálfu Hafnarfjarðarbæjar, varið í viðhald á eigninni.

Framkvæmdir 2022

Á árinu 2022 er áætlað að verja um **1 m.kr.** í viðhaldsframkvæmdir og **5 m.kr.** í fjárfestingarframkvæmdir. Meðal annars er stefnt á að framkvæma eftirfarandi verkefni:

- Endurmála útveggjaglæðningu og endurnýja að hluta vegna fúa.
- Malbikun.

Myndir af viðhaldsverkefnum:



Myndir. Endurmála þarf klæðningu og endurnýja að hluta vegna fúa.

Siglingaklúbburinn Þytur



Heildarviðhaldskostnaður	6 m.kr.
Bókhaldsnúmer	31-111-23003
Heimilisfang	Strandgata 88
Fasteignamat	69.100.000 kr.
Byggingarár	1998
Flatarmál	447,8 m ²
Tegund húsnæðis	Félagsheimili

Viðhaldsþörf fasteignar næstu ár

Heildarkostnaður vegna viðhaldsframkvæmda á næstu 3 árum er áætlaður um **6 milljónir króna**.

Helstu viðhaldsverkefni eru m.a. eftirfarandi:

Innanhúss

- Bæta búnings- og baðaðstöðu, þarf að endurhanna rýmin.
- Setja upp mótora fyrir 3 hurðir í bátasal.
- Epoxy á gólf í bátasal.

Utanhúss

- Setja upp svalir við neyðarútgang frá 2. hæð.
- Bæta lýsingu á svæði innan girðingar, í rampi og á flotbryggju.
- Yfirfara girðingu á lóð, undirstöður farnar að gefa sig að hluta sem og búið að klippa á net.
- Lagfæra glugga í turni og endurnýja tvö móðugler.

Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2022	2023	2024
2.000.000	2.000.000	2.000.000

Framkvæmdir 2021

Á árinu 2021 var engum fjármunum, af hálfu Hafnarfjarðarbæjar, varið í viðhald á eigninni.

Framkvæmdir 2022



Á árinu 2022 er áætlað að verja um **2 m.kr.** í viðhaldsframkvæmdir á eigninni. Meðal annars er stefnt á að framkvæma eftirfarandi verkefni:

- Setja upp mótora fyrir 3 hurðir í bátasal.
- Lagfæra glugga í turni og endurnýja tvö móðugler.

Myndir af viðhaldsverkefnum:



Myndir. Endurnýja móðugler. Lagfæra glugga í turni, ekki hægt að loka opnanlegu fagi.



Myndir. Setja upp mótora á 3 hurðir. Yfirfara þarf girðingu í kring um svæðið og bæta lýsingu á lóð.



Myndir. Endurhanna þarf búnings- og baðklefa. Setja þarf upp svalir við neyðarútgang frá 2. hæð.

Skotípróttafélagið



Heildarviðhaldskostnaður	3 m.kr.
Bókhaldsnúmer	31-111-23006
Heimilisfang	Álfhella 21
Fasteignamat	61.570.000 kr.
Byggingarár	1999
Flatarmál	128,9 m ²
Tegund húsnæðis	Félagsstarfsemi, sérhæfð bygging og geymsla

Viðhaldspörf fasteignar næstu ár

Hlutur Hafnarfjarðarbæjar í eigninni er 80% og hlutur Skotípróttafélags Hafnarfjarðar er 20%.
Heildarkostnaður vegna viðhaldsframkvæmda á næstu 3 árum er áætlaður um **3 milljónir króna**.
Helstu viðhaldsverkefni eru m.a. eftirfarandi:

Utanhúss

- Endurmála timburverk.
- Bæta lýsingu á skotvelli.

Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2022	2023	2024
1.000.000	1.000.000	1.000.000

Framkvæmdir 2021

Á árinu 2021 var engum fjármunum, af hálfu Hafnarfjarðarbæjar, varið í viðhald á eigninni.

Framkvæmdir 2022

Á árinu 2022 er áætlað að verja um **1 m.kr.** í viðhaldsframkvæmdir á eigninni. Meðal annars er stefnt á að framkvæma eftirfarandi verkefni:

- Bæta lýsingu á skotvelli.

SAFNAHÚS

Beggubúð



Heildarviðhaldskostnaður	0,75 m.kr.
Bókhaldsnúmer	31-111-33012
Heimilisfang	Kirkjuvegur 1
Fasteignamat	12.535.000 kr.
Byggingarár	1906
Flatarmál	52 m ²
Tegund húsnæðis	Byggðasafn

Viðhaldsþörf fasteignar næstu ár

Heildarkostnaður vegna viðhaldsframkvæmda á næstu 3 árum er áætlaður um **0,75 milljón króna**.

Helstu viðhaldsverkefni eru m.a. eftirfarandi:

Utanhúss

- Endurmála glugga og annað timburverk.
- Endurmála útveggjaglæðningu.
- Lagfæra frágang á þaki viðbyggingar vegna leka.

Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2022	2023	2024
450.000	200.000	100.000

Framkvæmdir 2021

Á árinu 2021 var engum fjármunum, af hálfu Hafnarfjarðarbæjar, varið í viðhald á eigninni.

Framkvæmdir 2022

Á árinu 2022 er áætlað að verja um **0,45 m.kr.** í viðhaldsframkvæmdir á eigninni. Meðal annars er stefnt á að framkvæma eftirfarandi verkefni:

- Endurmála glugga og annað timburverk.
- Lagfæra frágang á þaki viðbyggingar vegna leka.
- Skoðun á vörn á glugga vegna upplitunar innan húss

Myndir af viðhaldsverkefnum:



Myndir. Endurmála þarf glugga og annað timburverk.



Myndir. Endurmála þarf útveggjaglæðningu. Lagfæra þarf frágang á þaki viðbyggingar vegna leka.

Bungalow



Heildarviðhaldskostnaður	3,7 m.kr.
Bókhaldsnúmer	31-111-33014
Heimilisfang	Vesturgata 32
Fasteignamat	42.180.000 kr.
Byggingarár	1910
Flatarmál	153 m ²
Tegund húsnæðis	Byggðasafn

Viðhaldspörf fasteignar næstu ár

Heildarkostnaður vegna viðhaldsframkvæmda á næstu 3 árum er áætlaður um **3,7 milljónir króna**. Helstu viðhaldsverkefni eru m.a. eftirfarandi:

Innanhúss

- Endurnýja lýsingu í brautum, skipta yfir í led.

Utanhúss

- Endurmála útveggjaglæðningu.
- Endurmála timburverk að hluta.
- Yfirfara glugga m.t.t. rakaskemmda innanhúss.
- Breyta þarf skábraut við útgang, er of brattur.
- Laga þarf timburverk á þaki yfir aðalinngangi vegna fúa.

Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2022	2023	2024
2.200.000	1.000.000	500.000

Framkvæmdir 2021

Á árinu 2021 var varið um **0,8 m.kr.** í viðhaldsframkvæmdir á eigninni. Meðal annars var farið í eftirfarandi verkefni:


- Nýtt myndavélakerfi.
- Vinna við lagnakerfi.

Framkvæmdir 2022

Á árinu 2022 er áætlað að verja um **2,2 m.kr.** í viðhaldsframkvæmdir á eigninni. Meðal annars er stefnt á að framkvæma eftirfarandi verkefni:

- Endurmála útveggjklæðningu.
- Endurmála timburverk að hluta.
- Yfirfara glugga m.t.t. rakaskemmda innanhúss.

Myndir af viðhaldsverkefnum:



Myndir. Endurmála þarf veggklæðningu og timburverk að hluta. Endurnýja þarf glugga að hluta vegna fúa.



Mynd. Breyta þarf skábraut við útgang, er of brattur. Endurnýja þarf lýsingu.

Gúttó



Heildarviðhaldskostnaður	Ekki metinn
Bókhaldsnúmer	31-111-33030
Heimilisfang	Suðurgata 7
Fasteignamat	60.800.000 kr.
Byggingarár	1886
Flatarmál	361 m ²
Tegund húsnæðis	Byggðasafn/Samkomuhús

Viðhaldspörf fasteignar næstu ár

Eignin er ekki í eigu Hafnarfjarðarbæjar. Heildarkostnaður vegna viðhaldsframkvæmda á næstu 3 árum verður ekki áætlaður fyrir en búið er að ganga frá eignarhaldi.

Helstu viðhaldsverkefni eru m.a. eftirfarandi:

Innanhúss

- Allsherjar endurbætur innanhúss, þ.e. viðgerð á gólfum, veggjum og loftum.

Utanhúss

- Mála útveggjaklæðningu.
- Mála þakklæðningu.
- Viðgerð á hlöðnum veggjum á lóð.

Framkvæmdir 2021

Á árinu 2021 var varið um **18 þús.kr.** í viðhald á eigninni. Meðal annars var farið í eftirfarandi verkefni:

- Viðgerð á klósetti.

Myndir af viðhaldsverkefnum:



Myndir. Fara þarf í viðgerðir á loftum og veggjum.



Myndir. Yfirfara þarf gólfefni. Þarf að endurhlaða lóðarveggi að hluta.

Pakkhúsið



Heildarviðhaldskostnaður	12 m.kr.
Bókhaldsnúmer	31-111-32004
Heimilisfang	Vesturgata 6
Fasteignamat	41.450.000 kr.
Byggingarár	1865
Flatarmál	537,7 m ²
Tegund húsnæðis	Byggðasafn

Viðhaldspörf fasteignar næstu ár

Heildarkostnaður vegna viðhaldsframkvæmda á næstu 3 árum er áætlaður um **12 milljónir króna**.

Helstu viðhaldsverkefni eru m.a. eftirfarandi:

Innanhúss

- Endurnýja lýsingu, skipta yfir í led.
- Setja upp sprinklerkerfi.
- Útbúa ræstiherbergi.
- Laga timburgólf.

Utanhúss

- Setja upp flóttaleið frá 2. og 3. hæð.
- Endurnýja glugga.
- Endurnýja útveggjaglæðningu á suður- og vesturhlið og hluta af norðurhlið.

Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2022	2023	2024
5.000.000	5.000.000	2.000.000

Framkvæmdir 2021

Á árinu 2021 var varið um **6,9 m.kr.** í viðhald á eigninni. Þar af fékk Hafnarfjarðabær **2,5 m.kr.** í styrk frá Minjastofnun. Meðal annars var farið í eftirfarandi verkefni:

- Endurmálun innanhúss.
- Endurmálun á útveggjaglæðningu.
- Uppsetning á myndavéla- og öryggiskerfi.
- Vinna við að endurnýja útveggjaglæðningu norðanmegin að hluta.

Framkvæmdir 2022

Á árinu 2022 er áætlað að verja um **5 m.kr.** í viðhaldsframkvæmdir á eigninni. Meðal annars er stefnt á að framkvæma eftirfarandi verkefni:

- Halda áfram að endurnýja útveggjaglæðningu.
- Endurnýja þakklæðningu á lægri byggingu.

Myndir af viðhaldsverkefnum:



